

Fundargerð 47. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 8. október kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á Hilton Nordica Reykjavík hóteli.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Skarphéðinn Orri Björnsson boðuðu forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga 2020-2022 - 2011001SO

Kosning aðalmanns í stað Kolbrúnu Ödu Gunnarsdóttur. Formaður lagði fram tillögu að Gunnþórunn Ingólfssdóttir komi inn sem aðalmaður.

Stjórn samþykkir að Gunnþórunn Ingólfssdóttir taki sæti sem aðalmaður í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í fjarveru Kolbrúnar Ödu Gunnarsdóttur.

2. Ársreikningur 2020 - 2105001SO

Ársreikningur samtakanna vegna ársins 2020 lagður fram til kynningar.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarfélögum, sbr. samþykktir samtakanna, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Staða á kvörtun til ESA vegna skattaávilnunar til raforkufyrirtækja. - 2101002SO

Lagt fram svarbréf sem ESA sendi til Sókn lögmannsstofu. Gert er ráð fyrir frekari viðbrögðum frá ESA innan 12 mánaða.

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga til samtaka orkusveitarfélaga er varðar greiðslu sambandsins vegna vinnu við gerð kvörtunar til ESA.

4. Einföldun á regluverki í þágu smávirkjana - 2109001SO

Lögð fram til kynningar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr.1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.

5. Orkufundur 2021 - 2101001SO

Ákveðið að halda Orkufund 2021 14. janúar 2022.

Fundi var slitið kl. 13:30

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson